

95 um það efni að snúa yður til amtmannanna eða amtsráðanna, þar sem gjöldin til 21. sept. bólusetninga hvíla eftir hinum gildandi reglum á jafnaðarsjóðum amtanna.

Um undirtektir hins konunglega heilbrigðisráðs óska jeg að fá á sínum tíma skýrslu frá yður.

96 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um burðargjald fyrir 28. sept. böggulsendingar er fara milli Íslands og Svíaríkis yfir Danmörku. — Yfirstjórn póstmálanna í Danmörku hefur 5. þ. m. skrifað mjer sem hjer segir:

»Með því að innanríkisburðargjaldsskrána dönsku yfir böggulsendingar, verður í nokkrum tilfellum að nota með tilliti til böggulsendinga er fara milli Íslands og Svíaríkis yfir Danmörku, er ekki látið hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til frekari þóknanlegri ráðstöfunar, að ákveðið er með nýju póstlögunum dönsku frá 5. apríl 1888, sem öðlast gildi 1. oktbr. 1888, að burðargjaldið skuli vera sem hjer segir fyrir böggulsendingar allt að 10 pundum (en þyngri mega póstsendingar til og frá Íslandi ekki vera).

Fyrir böggla sem eru 2 pund að þyngd eða minna	16 aur.
— — — — þyngri en 2 pund. en þó ekki yfir 5 pund	24 —
— — — — þyngri en 5 pund en þó ekki yfir 10 pund	32 —

en burðargjald þetta hækkar um 50% að því er snertir hina svonefndu fyrirferðarmiklu (voluminöse) böggla 3: sendingar er taka upp tiltölulega mikið rúm eftir þyngd þeirra eða sendingar sem eru þannig ásigkomnar að fara þarf sjerstaklega vel og varfærliga með þær.

Sje verðhæð tiltekin, á þar að auki að greiða í ábyrgðargjald 16 aura fyrir upphæðir er nema allt að 200 krónum, en fyrir stærri upphæðir hefur innanríkisstjórnin samkvæmt nefndum lögum ákveðið að ábyrgðargjaldið skuli vera:

Fyrir stærri upphæðir en 200 kr. allt að 400 kr. 20 a.	
— — — — 400 — — — 600 — 24 -	
— — — — 600 — — — 800 — 28 -	
— — — — 800 — — — 1000 — 32 -	
— — — — 1000 — — — 2000 — 48 -	

og svo úr því 16 aura í viðbót fyrir hverjar 1000 krónur eða minni upphæð er hin tiltekna verðhæð nemur.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra póstmeistari, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

EMBÆTTASKIPUN.

26. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. *Bjarna Einarssyni Þykkvabæjarklausturs* prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi eftir að þar um hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaðar.

27. s. m. veitti landshöfðingi cand. theol. *Hallgrími Thorlacius Rípur* prestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi eftir að þarum hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaðar.

28. s. m. veitti landshöfðingi cand. theol. *Arna Jóhannessyni Þöngtabakka* prestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi eftir að þar um hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaða.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. *Jóni Guðmundssyni Skorrastaðar* prestakall í Suður-Múlaprófastsdæmi eftir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið leitað þar um.

S. d. setti landshöfðingi cand. theol. *Bjarna Þorsteinsson* til þess á eigin ábyrgð að þjóna til næstkomandi fardaga *Hvanneyrar* prestakalli í Siglufirði ásamt *Kvíabekkjjar* prestakalli í Ólafsfirði báðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

29. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. *Mattíasi Eggertssyni Helgastaða* prestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi eftir að þar um hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaða.